



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
b.t. bæjarráðs  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 8. september 2015  
1411120 JHF/gjó

**Efni: Búsetuþjónusta Holtflöt- þátttaka í fæðiskostnaði**

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar, sem haldinn var þann 19. ágúst sl. var fjallað heimild til greiðslu hlutdeildar í fæðiskostnaði þjónustuþega, vegna fæðis aðstoðarmanna sem snæða með þeim, fyrir tímabilið 2012-2014. Greiðslurnar eru í samræmi við ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs frá 3. desember 2014 og ákvæði 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Áætlaður kostnaður er 2,1 m.kr. sem ekki er fjárheimild fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2015.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir því við bæjarráð að veitt verði viðbótarfjárveiting vegna þessa kostnaðar.

Virðingarfyllst,



Jón Hrói Finnsson  
sviðsstjóri

## Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

### 12. gr.

#### Rekstrarkostnaður.

Allur launakostnaður við sérstakan stuðning á heimili fatlaðs fólks greiðist af þjónustuaðila. Rekstrarkostnaður vegna þjónustu sem veitt er greiðist af þjónustuaðila. Hér er meðal annars um að ræða kostnað vegna símanotkunar, gagnaflutninga, aksturs og námskeiðahalds sem tengist framkvæmd þjónustunnar. Einnig fæði og annar kostnaður sem fellur til við starfsmannahald.

**Beri einstaklingur kostnað af fæði starfsmanns skal þjónustuaðili endurgreiða þann kostnað. Miðað skal við kostnað sem almennt er greiddur vegna fæðis aðstoðarfólks, þ.e. fæðispeningar samkvæmt kjarasamningum.**

Annar sameiginlegur rekstrarkostnaður húsnæðis en húsaleiga skiptist í sömu hlutföllum og kveðið er á um í 11. gr.

Um viðhald hins leigða húsnæðis gilda ákvæði húsaleigulaga.

Stofnkostnaður vegna húsbúnaðar í sameiginlegu rými skal greiddur af þjónustuaðila svo og eðlilegt viðhald búnaðar í starfsmannaaðstöðu.

Leigjandi skal greiða sinn hluta í endurnýjun húsbúnaðar og heimilistækja í sameiginlegu rými enda greiði hann ekki fyrir sambærilegan búnað eða tæki í sínu einkarými.